

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill frá formanni

Ágætu félagar! Í gegnum aldirnar hefur Jökulsá á Dal verið ógnvaldur í samfélagi þeirra sem við hana hafa búið. Áin hefur oltið fram með öllum sínum mikilleik og óttablandin virðing hefur alla tíð verið borin fyrir henni. Með tilkomu Kárahnjúkastíflu og virkjun í Fljótsdal breyttist öll ásynd. Möguleikar sköpuðust til að gera ána að veiðiá. Eitthvað sem var fjarlægt meðan jökulvatnið rann óheft til sjávar. Þrátt fyrir allt hefur samt verið starfandi veiðifélag um ána frá árinu 1964, sameiginlegt með Lagarfljóti. Það var síðan árið 2005 sem stofnað var sérstakt veiðifélag um Jöklu. Einnig starfa deildir innan veiðifélagsins um Kaldá og Laxá. Veiðiréttahafar með atkvæðisrétt í Veiðifélagi Jökulsár á Dal eru alls 73.



Ánægður danskur veiðimaður í Jöklu sumarið 2013.

Landslögum ber að fylgja, hvert sem verkefnið er. Samkvæmt 37. gr. laga nr 61/2006 um lax og silungsveiði (sem m.a. eru á www.angling.is) er veiðifélögum og landeigendum settur mjög stífur lagarammi (sjá 37. gr. á næstu síðu). Segja má að löggjafinn gangi ótrúlega langt í að taka umræða-

...laxveiðihlunnindi
auka verðgildi jarða
og tekjur af þeim
geta stutt við
byggð í sveitum.

réttinn af landeigendum og færa hann yfir til veiðifélaga. Því er mikilvægt fyrir okkur, eigendur veiðiréttar við Jökulsá á Dal, að vera virk í starfi veiðifélagsins og leita allra leiða til að vinna saman og í sátt að þessu sameiginlega hagsmunamáli, að byggja upp framtíðarauðlind með fiskrækt í Jöklu. Það er mikið í húfi því að laxveiðihlunnindi auka verðgildi jarða og tekjur af þeim geta stutt við byggð í sveitum.

Hvað er að gerast hjá veiðifélaginu?

Samningur er í gildi við Strengi um leigu á ánni sem gildir til ársins 2021 en leigugjald skal endurskoðast 2015 og 2018. Í samningnum er kveðið á um að sleppt verði a.m.k. 25.000 gönguseiðum á ári og sumaröldum seiðum eins og kostur er. Endurskoðaður samningur var samþykktur á aðalfundi 2013. Félagið stendur vel fjárhagslega. Rúmlega 5 m.kr. hagnaður var á síðasta ári og eigið fé í árslok 2013 nam um 4 m.kr. Nýverið fékk félagið vilyrði frá Fiskræktarsjóði fyrir 600 þús. kr. styrk til rannsókna o.fl. verkefna. Skuldir félagsins eru engar.

Rannsóknir á lífríki árinna standa yfir hjá Veiðimálastofnun og eru kostaðar af Landsvirkjun. Eftir fyrsta árið (2013) gefa þær vonir um að áin geti orðið sjálfbær þegar fram líða stundir.

Merkingar veiðistaða og bætt aðgengi að ánni eru á hendi landeigenda enda þeirra hagur að veiði sé góð fyrir þeirra landi. Góð fyrirmynd er í landi Hjarðarhaga. Þar var áætlun, stígagerð og kortlagning unnin af landeigendum og síðan kom sumarvinnuflokkur Landsvirkjunar að stikun leiða að ánni og uppsetningu merkinga. Skorað er á landeigendur að horfa til þess hvernig best er að haga þessum málum hver á sinni jörð. Tæpt er á fleiri verkefnum hér í fréttabréfinu svo ég læt hér staðar numið. Vonandi verður útgáfa fréttabréfs og bætt upplýsingaflæði til að auka á samheldni okkar sem erum í Veiðifélagi Jökulsár á Dal.

Með kveðju og ósk um gjöfult ár til handa öllum. *Aðalsteinn Jónsson stjórnarformaður*

ÚR LÖGUM UM LAX- OG SILUNGSVEIÐI

37. gr. Starfsvettvangur veiðifélags og félagsaðild.

Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er m.a. eftirfarandi:

- a. að sjá til þess að reglum laga þessara og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu,
- b. að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra,
- c. að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra,
- d. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu,
- e. að hafa að öðru leyti með höndum verkefni þau sem því eru falin í lögunum og varða framkvæmd þeirra.

Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðisrétt þeirra fer skv. 40. gr.

Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum þessum skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá félaginu.

Hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Ávallt skulu þeir sem aðgengis njóta gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.

Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laga þessara fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns. Sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyrja þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárlutfalli.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirsmáli um starfsemi veiðifélaga svo sem nánar er kveðið á um í kafla þessum.

Góð tíðindi fyrir veiðiréttshafa

Veiðimálastofnun rannsakaði þéttleika og ástand seiða í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará sumarið 2013 í samvinnu við veiðifélög ána. Var það liður í rannsókn sem hófst árið 2011 til að fylgjast með landnámi laxfiska í kjölfar breytinga vegna tilkomu Kárahnjúkavirkjunar. Helstu niðurstöður voru þær að náttúruleg laxaseiði fundust á neðri hluta Jöklu og uppi í Hneflu en sleppiseiði á efri svæðum árinna. Þríf seiða virðast almennt góð og vöxtur þeirra í Jöklu ekki minni en í hliðaránum þó að þéttleiki náttúrulegra seiða hafi mælst meiri í Laxá og Fögruhlíðará. Engin laxaseiði veiddust í Kaldá. Seiðin virðast lifa vel í Jöklu þrátt fyrir gruggugt yfirfallsvatn og hafa náð að klára lífsferil sinn í sjó. Laxar veiddust allt upp fyrir Skjöldólfsstaði sumarið 2013 og telja sérfræðingar Veiðimálastofnunar að náttúruleg hrygning hafi því átt sér stað þar upp frá haustið 2013. Í skýrslunni kemur fram að þessar niðurstöður séu góð tíðindi fyrir eigendur veiðiréttar.

Frá árinu 2007 hefur verið sleppt um 400 þús. gönguseiðum í sleppitjarnir á vatnasvæði Jöklu og um 200 þús. smáseiðum í ár og læki. Laxveiðin á sama tímabili er eins og sjá má hér að neðan.

Veiðimálastofnun mun halda þessum rannsóknnum áfram næstu fjögur ár en þær eru kostaðar af Landsvirkjun. Guðni Guðbergsson og Eydís Njarðardóttir unnu rannsóknina. Hægt er að nálgast skýrsluna í heild sinni á heimasíðu Veiðimálastofnunar www.veidimal.is.

Laxveiðin 2007-2013

Ár	Jökla	Laxá	Kaldá	Fögrh.á	Alls
2007	12	15	75	20	122
2008	56	48	59	22	185
2009	35	128	93	63	319
2010	96	91	118	44	349
2011	293	83	131	58	565
2012	177	40	121	49	387
2013	282	48	55	26	411
Alls	951	453	652	282	2338

Fréttir úr starfi veiðifélagsins

Vegagerð

Lögum samkvæmt geta landeigendur ekki bannað veiðimönnum aðgengi að veiðiá fyrir sínu landi. Það er á ábyrgð landeiganda (veiðirétthafa) að hafa gott aðgengi að veiðistöðum og beina veiðimönnum um þær slóðir sem þeir kjósa að séu notaðar. Gott aðgengi eykur nýtingu á veiðistað sem skiptir máli varðandi arðgreiðslur til veiðirétthafa. Veiðifélagið getur komið að slíkum framkvæmdum og hefur stjórn félagsins nú til skoðunar að greiða hluta af kostnaði við gerð veiðivega sem gerðir eru í samráði við stjórn.

Örnefnasöfnun

Í veiðiám þarf hver veiðistaður að hafa sitt heiti. Á aðalfundi sl. vor var rætt um mikilvægi góðs samráðs við landeigendur um slíkar nafngiftir. Veiðistaðir fá oft bráðabirgðaheiti, t.d. frá fyrsta veiðimanni sem landar fiski í viðkomandi hyl. Slík heiti geta orðið langlíf ef ekki er tekið skipulega á þessum málum. Stjórn félagsins hefur samþykkt að leggja áherslu á vönduð vinnubrögð hvað þetta varðar og hefur fengið örnefnaskrár fyrir Jökuldal, Hlíð og Tungu. Stefnt er á að senda loftmyndir á bæi og biðja menn um að merkja inn á þær örnefni við árnar sem síðan er hægt að nota við nafngiftir veiðistaða.

Ós Lagarfljóts

Síðasta vetur var gerð tilraun til þess að færa ós Lagarfljóts til austurs. Ástæðan var sú að eftir virkjun Jöklu hefur ósinn færst hratt norður og m.a. valdið því að jökulvatn hefur runnið eftir sandinum yfir í ós Fögruhlíðarár. Þetta hefur valdið erfiðleikum við veiðar á bleikju þar. Landsvirkjun kostaði verkið sem unnið var af Presti Stefánssyni. Það tókst að grafa skurð út í gegnum sandinn en hann var aðeins opinn í fáa daga þar sem hafið lokaði honum aftur í stífri norðaustanátt. Rétt fyrir vorleysingar í maí var ákveðið að gera aðra tilraun og þá tókst betur til. Lagarfljót rennur nú allt út um hinn nýja ós en Jökla fellur til sjávar um gamla farveginn. Veiðifélagið lagði enga fjármuni til verksins en hvatti til þess.

Seiðasleppingar

Samkvæmt samningi eiga Strengir að sleppa tilteknum magni seiða ár hvert. Sleppingar ráðast m.a. af því hvernig klakveiði, klak og seiðauppeldi hefur tekist undangengin tvö ár. Í sleppitjarnir fara seiði sem eru komin í göngustærð, þ.e. orðin 2-3 ára gömul og geta gengið til sjávar sama sumar og þeim er sleppt í tjörn. Þau dvelja í sjó í 1-2 ár og snúa þá til baka sem fullvaxnir laxar og reyna að finna tjörnina sína. Staðsetning sleppitjarna ræður því miklu um það hvar mesta veiðin er og því hagur landeigenda að hafa sleppitjarnir þar sem skilyrði eru til slíks. Tjarnirnar eru á ábyrgð leigutaka, þ.e. Strengja, sem hafa skal gott samráð við veiðifélag og landeigendur. Smáseiðin eru ýmist nýklakin, 5-6 mánaða eða rúmlega ársögmul. Þeim dreift við árnar þar sem uppeldisskilyrði eru góð, t.d. í grófan og grýttan botn í góðum straumi. Þau vaxa í 1-3 ár í ánni en halda svo til hafs.

Laxateljari

Fiskvegurinn við Steinboga sannaði gildi sitt sumarið 2013 þegar lax gat gengið upp Jökuldal þó að urðin væri á þurru lengst af sumri. Smáseiðasleppingar síðustu ára uppi á Dal skiluðu sér í löxum sem leituðu þar uppruna síns og hrygnuð vonandi í haustinu. Eitt af því sem stjórn félagsins hefur rætt er að koma teljara fyrir í fiskveginum við Steinboga. Með því móti fengjust mikilvægar upplýsingar um göngur þó að ekki væri hægt að telja þá fiska sem fara í leysingum snemmsumar eða miklum rigningum. Stjórnin hefur samþykkt að hefja undirbúning á þessu ári og stefna á niðursetningu á teljara sumarið 2015.

Kortagerð

Að undanfögnu hefur Haukur Guðmundsson unnið að kortlagningu við Fögruhlíðará, Kaldá og neðri hluta Jöklu. Veiðistaðir og vegir að þeim eru merktir inn og hnitsettir með GPS. Kortin eru rafræn og nýtast m.a. í snjallsíma. Verkefnið er unnið í samstarfi veiðifélags og leigutaka. Ætlunin er að vinna svona nákvæm kort fyrir allt veiðisvæði Jöklu.

Stjórn og nefndir Veðifélags Jöklu

Stjórn:

Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli
formaður. allij@centrum.is.
s. 895-1085.

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
bakka ritari. skulibg@simnet.is.
s. 860-2985.

Pórarinn Hrafnkelsson,
Hallgeirsstöðum gjaldkeri.
totihelga@simnet.is.

Bragi S. Björgvinsson, Eiríksst.
bragi@eiriksstadir.com

Vilhjálmur Snædal, Skjöldólfsst.
vsnaedal@simnet.is

Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Þorvaldur Pálsson, Hjarðarhaga

Skoðunarmenn

Arnór Benediktsson, Hvanná
Jón Helgason, Refshöfða

Arðskrárnefnd

Þorsteinn Gústafsson, Geirast. 2.
Lárus Dvalinsson, Vörðubrun
Gestur Hallgrímsson, Blöndub.
Þorvaldur Pálsson, Hjarðarhaga
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Kjörnefnd

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Þorsteinn Gústafsson, Geirast.
Hlíðar Eiríksson, Hlíðarhúsum

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs: Skúli Björn Gunnarss.

Frá arðskrárnefnd

Arðskrárnefnd var skipuð á aðalfundi félagsins árið 2013. Samkv. 41. grein laga um lax- og silungsveiði er veiðifélagi skylt að gera arðskrá er sýni skiptingu veiðinnar á hverja fasteign (jörð) sem veiðirétt á á félagssvæði þess. Fara skal eftir a) *aðstöðu til veiði*, b) *landlengd að veiðivatni og vatnsmagni*, c) *hrygningar og uppeldisskilyrðum fisks*. Í reglugerð nr. 412/2007 er nákvæmari útfærsla á þessum atriðum þar sem m.a. er litið til þveráa, sleppitjarna, fiskvega o.fl. sem áhrif getur haft á veiði og arð af henni (5. gr.).

Öflun gagna fyrir nefndina hófst haustið 2013. Var þar fyrst horft til landlengdar eða bakkalengdar hverrar jarðar. Nefndin fékk í hendur mælingagögn sem fyrir liggja vegna útreiknings fallbóta fyrir hverja jörð en þau gögn flýta mjög fyrir vinnunni. Ákvað nefndin í vetur að fela RML að reikna bakkalengd hverrar jarðar út frá þeim gögnum, en hjá þeim er reynsla af viðlíka vinnu. Er þeirri vinnu að ljúka. Þá er eftir að mæla fiskgengar þverár sem þyrfti að klára í sumar. Þessar mælingar eru grundvallaratriði sem hafa þarf við gerð arðskrár og þær upplýsingar sem fljótlegast er að afla.

Öðru máli gegnir um mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum í ánni eða svokallað búsvæðamat. Sú vinna er sérfræðingavinna, tekur 2-3 ár og er kostnaðarsöm. Hefur nefndin beint þeim tilmælum til stjórnar veiðifélagsins að afla fjár eða styrkja til þeirrar vinnu. Vonir standa einnig til þess að þær rannsóknir sem nú eru í gangi geti nýtt féluginu að einhverju leyti í arðskrárvinnunni.

Aðstaða til veiði skv. lögnum eru veiðistaðir og veiðitölur undanfarinna ára fyrir landi hverrar jarðar. Þessi atriði verður að meta inn í arðskrá og hefur nefndin ekki fjallað um þau atriði enn sem komið er.

Hugsanlegt er að fyrsta arðskrá byggji eingöngu á bakkalengd en að hún verði svo uppfærð þegar aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir, t.d. eftir 2-3 ár, ef það er heimilt skv. lögnum. Þannig mætti flýta gildistöku arðskrárinnar verulega. Ekkert er þó ákveðið í þessu efni; þetta er aðeins sett hér fram til umþenkingar fyrir félagsmenn. Það er rétt að taka fram, að arðskrárnefnd skilar tillögum sínum til stjórnar veiðifélagsins. Endanleg arðskrá skal lögð fyrir félagsfund til samþykktar eða synjunar og gildir hún í átta ár.

F. hönd arðskrárnefndar, Þorsteinn P. Gústafsson.